



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 28. apríl 2008

Tilvísun: UST20080400129/tb

Efni: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu o.fl.

Vísað er í bréf frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 17. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu o.fl. 553. mál, leyfisveitingarvald til Orkustofnunar.

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu:

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við **breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum** þar sem veitt er heimil til að flytja leyfisveitingarvald að hluta eða öllu leyti til Orkustofnunar frá iðnaðarráðherra. Í þriðju mgr. 1. gr. framangreindra laga segir: *Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.* Að mati Umhverfisstofnunar tryggir þessi mgr. að fullt tillit er tekið til náttúruverndarlaga þar sem það á við.

Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins:

Gert er ráð fyrir að á eftir 5. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum komi ný grein, svohljóðandi: Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 2. og 3. gr. að hluta eða öllu leyti.


Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kærur til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnákvæðalaga.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að Iðnaðarráðherra geti falið Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt framangreindum lögum. Hins vegar þykir Umhverfisstofnun lögin ekki vera nægjanlega skýr hvað varðar umhverfis- og náttúruverndarmál vegna nýtingu á auðlindum á hafsbotni. Í 2. mgr. 4. gr. framangreindra laga segir: *Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.* Að mati Umhverfisstofnunar er þetta alls ekki nægjanlegt eins og málum er háttáð í dag. Til dæmis má benda á að ef efnistaka nær ekki því magni sem lög um mat á

umhverfisáhrifum ná til þá er hvergi tilgreint í lögnum hvernig skuli fara með slík mál. Hafsbotninn getur búið yfir mikilvægu lífríki eða jarðmyndunum. Í 5. gr. laganna segir: *Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.* Þessi reglugerð hefur ekki verið sett. Öll viðmið um hvernig skuli meta verðmæti hafsbotnsins vantar og einnig vantar á hvaða grunni skuli heimila efnistöku. Bent er á að lög um náttúruvernd gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979 en þess er hvergi getið í þeim lögum sem hér eru til meðferðar en nú þegar eru tvö friðlýst svæði á hafsbotni og nokkur önnur, t.d. strandsvæði, geta hugsanlega orðið fyrir áhrifum vegna efnistöku á hafsbotni. Samkvæmt 38. gr. náttúruverndarlaga þarf leyfi til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skýra mun betur hlutverk ólíkra stofnana og hagsmunaaðila við ákvörðunartöku um nýtingu og vernd hafsbotnsins. Auka þarf verulega þekkingu okkar á hafsbotninum og bæta stjórnsýslu. Á meðan að nægjanleg þekking er ekki til staðar verður að gera miklar kröfur um að sýnt sé fram á að nýting valdi ekki skaða.

Umhverfisstofnun leggur til að 2. mgr. 4. gr. framangreindra laga verði svohljóðandi:
Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifu, laga um náttúruvernd og annarra laga sem við eiga. Leita skal umsagnar Hafrannsóknarstofnunarinnar, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands áður en veitt er leyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á hafsbotni.

Virðingarfyllt


 Kristín Linda Árnadóttir
 Forstjóri


 Trausti Baldursson